



HRUNAMANNAHREPPUR

42. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 8. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 12. ÁGÚST 2021

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2021, þann 12. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Aðalsteinn Þorgeirsson varamaður vegna Sigurðar Sigurjónssonar, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði lagt fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Leikskólinn Undraland: Ráðning leikskólastjóra.**
Oddviti fór yfir ferlið við ráðningu nýs leikskólastjóra leikskólans Undralands. Sveitarstjórn samþykkir að ráða Ingvaldi Eiríksdóttur sem leikskólastjóra tímabundið skólaárið 2021-2022.
- 2. Tilboð í sorphúsið Uppsveita 2021.**
Oddviti kynnti niðurstöðu í sorphúsið Uppsveita 2021 en verktíminn er fjögur ár. Tók tilboðið bæði til sorphúsið og móttöku á úrgangi. Hvað varðaði Hrunamannahrepp þá bærust þrjú tilboð. Frá IGF að fjárhæð kr. 199.286.400, Terra kr. 196.005.288 og Kubbi kr. 195.986.763. Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Kubbs og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum.
- 3. Límtré Vírnet ehf.: Forkaupsréttur.**
Oddviti kynnti erindi frá Límtré Vírnet ehf hvort sveitarfélagið vilji nýta sér forkaupsrétt að 1.900.000 hlutum að nafnvirði í Límtré Vírnet ehf. Sveitarstjórn fellur frá forkaupsrétti.
- 4. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Afgreiðslur umsókna um styrk vegna framkvæmda við fráveitur.**
Oddviti kynnti afgreiðslur Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna umsókna um styrki vegna framkvæmda við fráveitur. Sveitarfélagið fékk ekki styrk vegna seyruverkefnisins vegna verkefnis sem stuðla að eflingu hringrásahagkerfisins. Á móti voru veittir styrkir vegna framkvæmda við fráveitur á árunum 2020 og 2021 vegna fráveituframkvæmda við Flatholt (Seyrustaði), fráveituframkvæmda við félagsheimilið og Gröf/Laxárhlið. Nemur styrkfjárhæðin 30% af framkvæmdakostnaði. Sveitarstjórn fagnar því að verið sé að styrkja nauðsynlegar og mjög kostnaðarsamar fráveituframkvæmdir en lýsir yfir vonbrigðum með að seyruverkefnið njóti ekki stuðnings sem hluti af lausnum hringrásahagkerfisins og óskar eftir rökstuðningi ráðuneytisins á þeirri ákvörðun.
- 5. Samband íslenskra sveitarfélaga: Drög að sameiginlegum reglum fyrir sveitarfélög að styðjast við vegna heimildar frá Alþingi til að lækka eða fella niður dráttarvexti á fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði.**
Oddviti kynnti drög að sameiginlegum reglum sveitarfélaga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna heimildar frá Alþingi til lækkunar eða niðurfellingar dráttarvaxta á fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði.
- 6. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Auglýsing um ákvörðun ráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og nýtt heimildarákvæði sveitarstjórnarlaga.**
Oddviti kynnti auglýsingu um ákvörðun ráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og nýtt heimildarákvæði sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn samþykkir að nýta heimild auglýsingar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá 27. júlí s.l. hvað varðar notkun fjarfundarbúnaðar vegna Covid-19. Sveitarstjórn heimilar þannig að sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins noti fjarfundarbúnað á fundum og að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda með

fjarfundabúnaði. Jafnframt verði heimilt að staðfesta fundargerðir með tölvupósti þegar um fjarfundi er að ræða. Heimild þessi gildir til 1. október n.k. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera tillögu að breytingum á samþykktum sveitarfélagsins hvað varðar heimild til að nýta fjarfundarbúnað á grundvelli breytingar á sveitarstjórnarlögum sem samþykkt var hinn 13. júní 2021.

7. **Beiðni um samþykki landeiganda vegna umsóknar um landmótun í Kerlingarfjöllum.**

Oddviti kynnti beiðni Forsætisráðuneytisins um samþykki landeiganda vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi vegna landmótunar í Ásgarði í Kerlingarfjöllum og lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Fannborg ehf. vegna landmótunar á lóð Ásgarðs L223398. Í henni felst notkun á efni sem kemur til vegna uppmoksturs á svæðinu í tengslum við byggingarframkvæmdir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna landmótunar og notkunar á jarðveg innan svæðisins. Skipulagsfulltrúa falið að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og Forsætisráðuneytisins fyrir útgáfu leyfisins.

8. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Undirbúningur á uppfærslu á skýrslu um stöðu innleiðingar Árósasamningsins hér á landi.**

Oddviti kynnti uppfærslu á skýrslu um stöðu innleiðingar Árósasamningsins hér á landi.

9. **Byggð á Bríkum: Matsgerð.**

Oddviti kynnti vinnu við mat á tilboði Byggða á Bríkum ehf um sölu á landi félagsins til sveitarfélagsins en um er að ræða ca. 25ha. Fyrir liggur matsgerð frá Ólafi Björnssyni lögmanni frá Lögmonnum Suðurlandi um tilboðið. Á fundinn mætir Ólafur í fjarfundi og fer yfir efni minnisblaðsins. Sveitarstjórn samþykkir að ganga að tilboði Byggða á Bríkum á landinu, sbr. 2. lið fundargerðar sveitarstjórnar nr. 40, og felur sveitarstjóra að vinna að gerð kaupsamnings í samvinnu við forsvarsmenn Byggða á Bríkum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

10. **Skólanefnd: Fundargerð 18. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 10. ágúst s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 10. ágúst s.l. Farið var yfir ráðningu leikskólastjóra og mælir nefndin með ráðningu Ingveldar Eiríksdóttur sem leikskólastjóra. Þá var fjallað um starfsmannabreytingar og mönnun leikskólans næsta vetur, fyrirspurn foreldis vegna vistunar barns undir 18. mánaða aldri og minnisblað Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings er varðar samstarf leikskóla og foreldra. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps:

11. **Fundargerð 221. fundar skipulagsnefndar frá 14. júlí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júlí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 221. fundar skipulagsnefndar frá 14. júlí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júlí s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

Mál nr. 29. Sandhólar 8: Stækkun sumarhúss, fyrirspurn.

Lögð var fram beiðni um endurskoðun ákvörðunar skipulagsnefndar er varðar synjun á heimild fyrir stækkun sumarhúss. Fyrirspurn vegna málsins var tekin fyrir á 218. fundi skipulagsnefndar þar sem málinu var synjað á þeim grundvelli að það samræmdest ekki gildandi deiliskipulagsskilmálum svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU telur ekki ástæðu til að endurskoða fyrri bókun vegna málsins. Hámarksbyggingarmagn lóðar miðast við nýtingarhlutfall 0,03. Innan nýtingarhlutfalls teljast allir skráðir fermetrar hússins yfir 1,8 m óháð því hvort rýmið er gluggalaust eða ekki. Fyrirspurn synjað. Nefndin mælist til þess að reyndarteikningu verði skilað af bústaðnum í samræmi við upphaflega umsókn málsins þar sem fram kemur að skráð stærð bústaðarins sé ekki rétt.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að endurskoða ekki fyrri ákvörðun sína í málinu.

Mál nr. 30. Dalabyggð: Stækkun frístundasvæðis, deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn frá Guðríði Sólveigu Þórarinsdóttur og Torfa Harðarsyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Dalabyggð í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst fjölgun lóða innan svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi. Auglýsing breytingar verði sérstaklega kynnt lóðarhöfum innan skipulagssvæðisins

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins, málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi og auglýstrar breytingar verði sérstaklega kynnt lóðarhöfum innan skipulagssvæðisins.

Mál nr. 31. Laufskálabyggð úr landi Grafarbakka II: Lóðir 1,2,3,4, deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu frá Rafni Einarssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi Laufskálabyggðar í landi Grafarbakka II. Í breytingunni felst stækkun og sameining lóða Laufskálabyggðar 2 og 4 ásamt stækkun Laufskálabyggðar 1, aðkoma lóða 1, 2 og 3 breytist innan svæðisins auk þess sem breytingar eru gerðar á skipulagsskilmálum viðkomandi lóða.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað. Nefndin mælist til þess að byggingaskilmálar svæðisins verði teknir til endurskoðunar með heildstæðum hætti. Að mati skipulagsnefndar eiga skipulagsskilmálar innan svæðisins að taka til skipulagssvæðisins í heild sinni frekar en að mismunandi skilmálar séu í gildi fyrir stakar lóðir innan sama skipulagssvæðis. Óskað er eftir rökstuðningi vegna fjölda aukahúsa innan lóðar 2.

Lagt er fram bréf frá EFLU þar sem breytingar lóðarhafa eru rökstuddar.

Sveitarstjórn gerir ekki efnislegar athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi sem taka til sameiningar eða stækkun lóða innan svæðisins.

Núverandi byggingaskilmálar deiliskipulagsins gera ráð fyrir því að heimilt sé að byggja sumarhús allt að 100 fm. að grunnfleti auk gestahúss/geymslu að 20 fm innan allra lóða innan svæðisins.

Með framlagðri umsókn um deiliskipulagsbreytingu innan svæðisins er gert ráð fyrir að byggja megi allt að 200 fm sumarhús og 40 fm gestahús eða geymslu á lóðum 1 og 3 en á lóð 2 (áður 2 og 4) megi byggja 200 fm sumarhús, 40 fm gestahús/geymslu og 3 önnur gestahús, hvert um sig allt að 20 fm.

Sveitarstjórn bendir á að um frístundasvæði er að ræða og telur ekki æskilegt að veita heimild fyrir uppbyggingu margra stakra smáhúsa innan lóða svæðisins. Sveitarstjórn mælist því til þess að skipulagsskilmálar svæðisins nái yfir svæðið með heildstæðum hætti og taki mið af hámarks nýtingarhlutfalli frístundalóða sem tilgreint er í aðalskipulagi. Innan hvernar lóðar fyrir sig verði gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu frístundahúss allt að 200 fm og tveimur aukahúsum á lóð allt að 40 fm en þó innan nýtingarhlutafalls lóða 0,03. Skipulagsfulltrúa falin nánari útfærsla skipulagsskilmála í samráði við umsækjanda og skipulagshönnuð á grunni framangreinds. Sveitarstjórn mælist til þess að málið fái málsmeðferð á grundvelli 40.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og verði kynnt og sent til umsagnar. Málið verði sérstaklega kynnt öðrum lóðarhöfum innan skipulagssvæðisins.

Mál nr. 34. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júlí s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júlí s.l.

Önnur mál:

12. Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í Kerlingarfjöllum.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Fannborg ehf. vegna efnistöku á landi Ásgarðs L2233989. Í umsókninni felst efnistaka allt að 5.000 m³ úr skilgreindri námu E40.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna efnistöku úr námu E40 á grundvelli heimilda aðalskipulags. Skipulagsfulltrúa falið að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og Forsætisráðuneytisins fyrir útgáfu leyfisins.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 21. fundar stjórnar frá frá 6. júlí s.l.
Lagt fram til kynningar.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 13. fundar bygginganefndar frá frá 6. júlí s.l.
Lagt fram til kynningar.**

Kynningarmál:

- c. Gröf gatnagerð. Verkfundargerð 9. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Hringtorg gatnagerð. Verkfundargerð 7. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Miðlunargeymir Berghylsfjalli. Verkfundargerðir 1.-2. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Veiðifélag Árnesinga: Fundargerð aðalfundar.**
Lagt fram til kynningar.
- g. UTU bs.: Skollagróf, efnistaka, aðalskipulagsbreyting.**
Lagt fram til kynningar.
- h. UTU bs.: Leppistungur: Fjallaskáli, deiliskipulag.**
Lagt fram til kynningar.
- i. UTU bs.: Heiðará Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.**
Lagt fram til kynningar.
- j. UTU bs.: Helgaskáli Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.**
Lagt fram til kynningar.
- k. UTU bs.: Miklöldubotnar Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.**
Lagt fram til kynningar.
- l. UTU bs.: Grákollur Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.**
Lagt fram til kynningar.
- m. UTU bs.: Fosslækur Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.**
Lagt fram til kynningar.
- n. UTU bs.: Efri-Kisubotnar Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.**
Lagt fram til kynningar.
- o. UTU bs.: Svínárnes Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Skólaþing sveitarfélaga 8. nóvember nk.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:50.